

Miðvikudaginn 23. júní 1965.

Nr. 30/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Óskari Agnari Ólafssyni og

Sigurði Þorkelssyni (Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Annmarkar á ákæruskjali.

Ómerking héraðsdóms og frávísun ákæru.

Dómur Hæstaréttar.

Rannsókn máls þessa beindist fyrst og fremst að afhendingu ákærða Sigurðar til ákærða Óskars á bifreiðum úr vörugeymslu H/f Eimskipafélags Íslands. Hafði Raftækni h/f, sem ákærði Óskar veitti forstöðu, fengið bifreiðarnar fluttar til landsins á vegum H/f Eimskipafélags Íslands, en ákærði Sigurður hafði gæzlu þeirra í vörugeymslunum.

Í þinghaldi 29. janúar 1964 var lögð fram skrá frá H/f Eimskipafélagi Íslands yfir 23 bifreiðar, sem félagið taldi hafa verið afhentar án heimildar. Er þar greint um hverja bifreið, með hvaða skipi og hvaða dag hún hafi komið til landsins og númer hennar á farmskrá. Í sama þinghaldi var skráin borin undir ákærða Óskar. Kannaðist hann við, að þetta væru bifreiðar þær, sem ákærði Sigurður hefði afhent honum „án framvísunar nokkurra heimildarskjala“. Í þinghaldi 30. janúar 1964 var skráin borin undir ákærða Sigurð, og vefengdi hann ekki, að þar séu taldar bifreiðar þær, sem hann afhenti ákærða Óskari án framvísunar farm-skirteina.

Hinn 3. febrúar 1964 kom ákærði Óskar fyrir dóm. Tók hann þá fram, „að það hafi verið frekar 24 en 23 bifreiðar, sem hann fékk Sigurð Þorkelsson til að afhenda sér án framvísunar heimildarskjala“. Þá lýsti og ákærði Sigurður því í þinghaldi 4. febrúar 1964, „að það geti verið

rétt, að það hafi ekki verið 23, heldur 24 bifreiðar, sem hann afhenti Óskari Agnari Ólafssyni án framvísunar heimildarskjala“.

Í þinghaldi 5. febrúar 1964 var lögð fram skrá frá tollstjóranum í Reykjavík yfir 24 bifreiðar, „sem Raftækni h.f. hefur flutt til landsins og fengið afhentar án tollafgreiðslu“. Er skrá þessi tekin í heild upp í héraðsdóminn. Í skránni greinir m. a. um hverja bifreið, með hvaða skipi og hvaða dag hún hafi komið til landsins og númer hennar á farmskrá. Við samanburð skrár þessarar við fyrrgreinda skrá H/f Eimskipafélags Íslands kemur í ljós, að á skrá tollstjóra eru greindar 4 bifreiðar, sem ekki eru á skrá H/f Eimskipafélags Íslands, og að á skrá tollstjóra skortir 3 bifreiðar, sem taldar eru á skrá Eimskipafélagsins. Í þinghaldi þessu, 5. febrúar, var skrá tollstjóra borin undir ákærða Óskar. Lýsti hann því, að hann hefði ekkert við skrána að athuga „og vefengir ekki, að bifreiðarnar hafi verið 24, sem hann fékk afhentar án heimildarskjala“. Ekki verður séð, að skrá tollstjóra hafi verið borin undir ákærða Sigurð.

Í ákæruskjali í máli þessu, dags. 22. júní 1964, er ákærða Óskari Agnari m. a. gefið að sök, að hann hafi fengið ákærða Sigurð „til þess að afhenda sér í heimildarleysi 24 ótollafgreiddar bifreiðar, er voru þar í vörzlum Eimskipafélags Íslands h.f. og fluttar höfðu verið til landsins á vegum Raftækni h.f.“. Þá er ákærða Sigurði gefið að sök, að hann hafi afhent ákærða Óskari Agnari í heimildarleysi þær 24 bifreiðar, sem áður var getið í ákæru á hendur Óskari Agnari. Í ákæruskjalinu eru bifreiðarnar ekki auðkenndar hver um sig, og var slíkt þó nauðsynlegt, þar sem framangreindum skrám H/f Eimskipafélags Íslands og tollstjóra bar ekki saman og þar eru greindar fleiri en 24 bifreiðar, sem misferli ákærðu er talið hafa náð til. Fullnægir ákæruskjalið þannig ekki ákvæðum 2. tl. 2. málsg. 115. gr. laga nr. 82/1961 um glögga skilgreiningu á sakarefni. Vegna þessa ágalla þykir ákæruskjalið eigi verða lagt til grundvallar dómi um efni máls. Ber

því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá sakadómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 12.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. október 1964.

Ár 1964, föstudaginn 23. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6067—6068/1964: Ákæruvaldið gegn Óskari Agnari Ólafssyni og Sigurði Þorkelssyni, sem tekið var endanlega til dóms 7. sama mánaðar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 22. júní s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Óskari Agnari Ólafssyni forstjóra, Háagerði 35, og Sigurði Þorkelssyni verkamanni, Bólstaðahlíð 36, báðum hér í borg.

„I. Gegn ákærða Óskari Agnari er málið höfðað fyrir að hafa:

1. Á tímabilinu frá því seinast í júní 1963 og fram í júlí s. á. með svikum og blekkingum fengið meðákærða Sigurð, þá starfsmann Eimskipafélags Íslands h/f í vörugymslu þess við Borgartún í Reykjavík, Borgarskála, til þess að afhenda sér í heimildarleysi 24 ótollafgreiddar bifreiðar, er voru þar í vörslum Eimskipafélags Íslands h/f, og fluttar höfðu verið til landsins á vegum Raftækni h/f, eftir að hafa fullyrt við Sigurð, að hann (Óskar Agnar) myndi sjá um löglega tollafgreiðslu bifreiðanna innan nokkurra daga án þess að hafa fyrirsjáanlega möguleika á því, enda reyndist það ókleift. Jafnframt er hann ákærður fyrir að hafa notað sér fákunnáttu meðákærða Sigurðar og einfeldni, þegar hann fékk hann til þessa, með því

að gefa honum flösku af brennivíni fyrir afhendingu hvernar bifreiðar, en vangreidd gjöld af þessum bifreiðum námu samtals kr. 2.776.872.70.

Telst þetta varða við 248. gr. og 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 39. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit.

2. Síðari hluta aprílmánaðar 1963 látið tollyfirvöldum í té rangar aðflutningsskýrslur yfir innflutning tveggja bifreiða ásamt varahlutum og fylgifé, sem komu með m/s Tröllafossi til Reykjavíkur 4. marz s. á., farmskrárnúmer 114, og með m/s Mána-fossi 11. marz s. á., farmskrárnúmer 68, eftir að rifið hafði verið af þeim báðum þannig, að skýrslurnar voru ekki í samræmi við innihald sendinganna, í þeim tilgangi að komast hjá því að greiða aðflutningsgjöld af hluta þeirra, er námu kr. 26.418.00.

Telst þetta varða við 146. gr. hegningarlaganna og 1. og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 7/1963 um tollskrá o. fl.

II. Gegn ákærða Sigurði er málið höfðað fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína sem starfsmaður Eimskipafélags Íslands h/f með því að afhenda í heimildarleysi og í eiginhagsmunaskyni meðákærða Óskari Agnari þær 24 bifreiðar, sem um ræðir í fyrri lið I. kafla ákærunnar, og á þann hátt, sem þar greinir.

Telst þetta varða við 249. gr. hegningarlaganna og 46. gr. og 2. mgr. 48. gr. i.f. sbr. 102. gr. reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 32. gr. og 50. gr. laga nr. 68/1956.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess einnig krafizt, að ákærði Óskar Agnar Ólafsson verði sviptur verzlunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 39. gr. laga nr. 7/1963, 4. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 og 2. og 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna.“

Í munnlegum flutningi málsins 2. þ. m. leiðrétti fulltrúi saksóknara misritanir lagastaða í niðurlagi ákærunnar á þann veg, að ákærði Óskar Agnar verði sviptur verzlunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 39. gr. laga nr. 7/1963, 3. mgr. 39. gr. laga nr. 68/1956 og 2. og 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Óskar Agnar Ólafsson er fæddur 29. nóvember 1930 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum: 1950 6/11 Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur öku-leyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

- 1953 20/3 Rvík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og spellvirki.
- 1956 15/9 Rvík: Sátt, 11.500 kr. sekt fyrir brot á 3. sbr. 33. gr. áfengislaga.
- 1960 24/3 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1961 14/8 Rvík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1962 12/7 Rvík: Áminning fyrir ökuhraða.
- 5/9 Rvík: Dómur: 3.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
- 1964 12/3 Rvík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1964 22/4 Rvík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
- Ákærði Sigurður Þorkelsson er fæddur 10. apríl 1925 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:
- 1944 21/7 Reykjavík: Dómur aukaréttar: Sýknaður af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 26. kafla hegningarlaga, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 13/1941, 2. sbr. 27. gr., 1. mgr., og 15. sbr. 33. gr. áfengislaga.
- 1945 23/4 Rvík: Sátt, 125 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 14. gr. áfengislaga.
- 25/5 Rvík: Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 7. gr. lög-reglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1946 20/3 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1947 4/1 Rvík: Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1950 27/7 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.
- 1952 29/3 Rvík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1953 27/11 Rvík: Dómur: 1.800 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði fyrir brot á áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

I (ákæruliðir I, 1 og II).

Árið 1961 var stofnað fyrirtækið Raftækni h/f hér í borg, og var tilgangur þess: rafvélaviðgerðir og verzlun með ýmiss konar varahluti og annar skyldur rekstur. Ákærði Óskar Agnar

Ólafsson hefur frá upphafi verið formaður stjórnar fyrirtækisins og annar af tveimur framkvæmdastjórum, og átti hann og eiginkona hans þriðjung hlutafjár þess eða 20 þús. kr.

Árin 1962 og 1963 flutti fyrirtækið til landsins nokkuð af bifreiðum frá Rootes-verksmiðjunum í Englandi. Samkvæmt upplýsingum tollstjórans í Reykjavík flutti fyrirtækið seinna árið meðal annars inn með skipum Eimskipafélags Íslands h/f eftirtaldir 24 bifreiðar, sem aðflutningsgjöld, leyfisgjöld og viðskipta-söluskattur var af, sem hér segir:

„Tröllafoss	16/7 '63	farmskr.nr. 594 (Singer Vogue)	kr. 129.884.00	
—	3/6 '63	189	—	90.639.00
Fjallafoss	17/9 '63	129	—	118.989.00
AnniNuebel	24/3 '63	233	—	90.639.00
—	24/3 '63	363	—	90.639.00
Tröllafoss	1/6 '63	197	—	90.639.00
—	1/6 '63	198–200	—	271.915.00
—	1/6 '63	190–196	—	} — 706.365.00
Hegra	25/5 '63	2 og 23	—	
Tröllafoss	1/6 '63	206 (Sunbeam Ra-		
		pier Saloon)	—	130.342.00
Mánafoos	24/7 '63	175 (Humber		
		Sceptye)	—	158.769.00
—	24/7 '63	176	—	159.005.00
Tröllafoss	4/3 '63	114 (Commer FCVan)	—	119.797.00
Tröllafoss	4/3 '63	215 (Commer FCVan)	—	119.334.00
Mánafoos	11/3 '63	68	—	118.077.00

Samtals kr. 2.395.033.00“

Bifreiðar þessar voru færðar í vörugæmslu skipafélagsins í svonefndum Borgarskála við Borgartún, hér í borg. Ákærði Sigurður Þorkelsson, sem þar hafði starfað í 5–6 ár, tók þá við bifreiðunum, og skyldi hann afhenda þær gegn framvísun farm-skirteina, sem á hefði verið stimplað, að flutningsgjald bifreiðanna væri greitt (stimpill Eimskipafélags Íslands h/f), að tollar og aðflutningsgjöld væru greidd (stimpill tollýfirvalda) og að verð bifreiðanna væri greitt (stimpill banka).

Á tímabilinu frá því seinast í júní og fram í júlí f. á. fékk ákærði Óskar Agnar ákærða Sigurð til að afhenda honum fyrrgreindar 24 bifreiðar úr vörugæmslu skipafélagsins án framvísunar nokkurra heimildarskjala. Ein bifreiðin mun þó hafa

verið afhent í september sama ár. Bifreiðarnar voru dregnar í burtu, stundum 2—3 eða nokkrar sama dag, af bifreið, sem ákærði Óskar Agnar ók, en annar maður, sem með honum var, stýrði nefndum bifreiðum. Ákærði Óskar Agnar lét ákærða Sigurð fá eina flösku af hvannarótarbrennivíni í hvert skipti, áður en hann fékk bifreið afhenta. Bauð hann ákærða Sigurði áfengið að fyrra bragði, en hinn síðarnefndi kveðst drekka þó nokkurt áfengi og ekki hafa fengið aðra umbun eða þóknun fyrir afhendingu bifreiðanna.

Ákærði Óskar Agnar kveður, að upphaf þessa hafi verið það, að hann hafi þurft mjög að fá eina bifreið afhenta, og þá án vitundar annarra eigenda Raftækni h/f beðið ákærða Sigurð um að láta hana af hendi án heimildarskjala, en því myndi verða kippt í lag eftir nokkra daga. Fyrirtækið Raftækni h/f hafi verið í fjárþröng á þessum tíma, en hann hafi gert sér vonir um, að úr þeim vandræðum myndi rætast, því að vonir hefðu staðið til, að inn í fyrirtækið kæmi maður með nokkurt reiðufé, þó að það brygðist. Hefur hann færzt undan að nafngreina mann þenna. Enn fremur kveður hann, að margir af hinum væntanlegu kaupendum bifreiðanna hafi verið búnir að greiða fyrirtækinu um helming kaupverðsins fyrirfram og því verið farnir að ganga eftir þeim. Þá hafi um mánaðamótin apríl og maí f. á. tollur af bifreiðum hækkað úr 40% í 90% eða um 20 þús. kr. Hafi því orðið tap á sölu þeirra, því að tollahækkunin hafi lent á fyrirtækinu, þar sem kaupsamningar um bifreiðarnar hafi verið miðaðir við hina eldri tolla. Kaupendur bifreiðanna hafi síðan greitt fyrirtækinu eftirstöðvar kaupverðsins, þegar þeir fengu þær í hendur.

Ákærði Sigurður kveður ákærða Óskar Agnar hafa lagt að sér að afhenda honum greindar 24 bifreiðar og lofað honum (ákærða Sigurði) því, að hann skyldi koma með stimpluð farmskírteini eftir mjög stuttan tíma. Kveðst ákærði Sigurður hafa látið undan honum, „vegna þess, að hann er meinlaus maður“, eins og hann hefur komizt að orði um sig. Ákærði Óskar Agnar hafi þó aldrei komið með farmskírteinin.

Þegar bifreiðarnar voru afhentar úr vörugeymslunni til ákærða Óskars Agnars, voru ógreidd öll flutningsgjöld þeirra til Eimskipafélags Íslands h/f og allir tollar og aðflutningsgjöld, en verð bifreiðanna var, að því er hann telur, þegar greitt í Útvegsbanka Íslands, að undanskildum 342 þús. kr., en í þeirri upphæð var innifalið verð þriggja bifreiða, er voru enn geymdar hjá

skipafélaginu. Ákærði Sigurður kveðst hafa gert sér ljóst, þegar hann afhenti bifreiðarnar án framvísunar farmskírteina, að framangreind gjöld höfðu eigi verið greidd. Hafi hvarflað oftast en einu sinni að honum, að hann myndi baka skipafélaginu fjárhagstjón með háttsemi sinni, og hafi honum þá eigi liðið vel, en hins vegar hafi hann treyst því til hins síðasta, að ákærði Óskar Agnar kæmi með stimpluð farmskírteini og kippti málunum þannig í lag.

Lögfræðingur Eimskipafélags Íslands h/f hefur skýrt dóminum frá því, að tollfyrirvöld og Útvegsbanki Íslands hafi tilkynnt skipafélaginu, að það sé gert ábyrgt fyrir greiðslu tolla og aðflutningsgjalda af bifreiðunum og þeim hluta af innkaupsverði þeirra, sem sé enn ógreitt. Samkvæmt því sé tjón félagsins sem hér segir:

1. Tollar og aðflutningsgjöld af bifreiðunum ..	kr. 2.395.033.00
2. Ógreitt innkaupsverð bifreiðanna	— 269.384.75
3. Flutningsgjöld bifreiðanna	— 112.454.95

Samtals kr. 2.776.872.70

Var dómsátt gerð við ákærða Óskar Agnar um fjárhæð þessa þannig, að hann afhenti lögfræðingi skipafélagsins vixla, samtals að fjárhæð kr. 746.360.00, og setti að veði húseignina Háagerði 77 með II. veðrétti fyrir kr. 1.000.000.00, húseignina Háagerði 35 með VI. veðrétti fyrir kr. 800.000.00 og húseignina Langholtsveg 113 með IV. veðrétti fyrir kr. 700.000.00. Fébótakröfur hafa því ekki verið hafðar uppi í máli þessu.

Það kemur ekki til álita, hvort ákærði Óskar Agnar hefur með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 249. gr. sbr. 22. gr. eða gegn 250. gr., 1. mgr., 2. tölulið, almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, þar eð hann er ekki ákærður fyrir þau brot, en atferli hans verður, eins og í ákæru er gert, talið varða við 248. gr. hegningarlaganna svo og við 39. gr., 1. mgr., laga nr. 68 17. ágúst 1956 um tollheimtu og tolleftirlit. Hins vegar þykir hann ekki hafa brotið gegn 253. gr. hegningarlaganna, og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir slíkt brot.

Ákærði Sigurður hefur með framangreindri háttsemi sinni gerzt brotlegur gegn 249. gr. hegningarlaganna svo og 46. gr. og 48. gr., 2. mgr. i.f., sbr. 102. gr., 1. mgr., reglugerðar nr. 41 13. marz 1957 um tollheimtu og tolleftirlit.

II (*ákæruliður I, 2*).

Með bréfi tollstjórans í Reykjavík, dags. 4. febrúar s.l., til sakadóms Reykjavíkur skýrði hann frá því, að í ljós hefði komið við endurskoðun, að af hálfu innflytjandans Raftækni h/f hefðu, að því er virtist, verið lagðir fram rangir innkaupareikningar yfir tvær bifreiðar og verið rifið neðan af þeim, áður en þeir voru lagðir fram. Þetta voru F/C VT Van bifreiðar, og kom önnur með m/s Tröllafossi til Reykjavíkur 4. marz s.l. (farmskrárnúmer 114), en hin með m/s Mánafoasi 11. sama mánaðar (farmskrárnúmer 68).

Samkvæmt vörureikningum, sem tollyfirvöldin fengu yfir innflutning þessara tveggja bifreiða, var verð hvorrar £ 421-0-0, eða samtals £ 842-0-0, en vörureikingur yfir sams konar bifreið, sem kom með sama skipi og fyrrnefnda bifreiðin (farmskrárnúmer 215), sýnir auk verðs sjálfrar bifreiðarinnar, £ 421-0-0, neðst verð varahluta og fylgifyrirlýsingar hennar, samtals £ 58-8-6. Fjárhæðin kr. 26.418.00 í ákærulið I, 2, er af hálfu ákæruvalds byggð á því, að aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem að verði séu £ 58-8-6, nemi kr. 13.321.00 og tvöföld sú upphæð kr. 26.642.00, sem sé að vísu kr. 124.00 hærri fjárhæð en í ákæruliðunum greinir, en það kunni að stafa af gengismismun, sem lagður sé til grundvallar við útreikninga starfsmanna tollskrifstofunnar.

Ákærði Óskar Agnar hefur eindregið neitað því að hafa rifið neðan af greindum tveimur innkaupareikningum. Kveður hann, að varahlutir hafi fylgt sumum bifreiðum, sem Raftækni h/f keypti frá Englandi, en öðrum ekki, og ef þeir hafi fylgt með, hafi þeir verið taldir neðst á reikningunum. Þó hafi stundum komið fyrir, að þegar félaginu hafi borizt innkaupareikningar bifreiða, sem varahlutir fylgdu, hafi verið búið að rífa frá þann hluta reikninganna, þar sem greindir voru varahlutir. Hafi þá þessir afrifnu hlutar verið stundum festir við reikningana með klemmum eða öðrum hætti, en stundum hafi þeir ekki verið með. Þetta hafi verið gert án vitundar starfsmanna Raftækni h/f. Kærði Óskar Agnar kveður því, að það hafi ekki verið í neinum blekkingartilgangi gert að framvísa hjá tollyfirvöldum innkaupareikningum þessum, heldur í mesta lagi athugaleysi. Lýsti hann því yfir í sakadómi 5. febrúar s.l., að hann væri reiðubúinn til að leiðrétta þetta með því, að félagið greiddi tilskilda tolla af þeim varahlutum, sem hefði átt að tilgreina á reikningunum.

Þessum framburði ákærða Óskars Agnars hefur hvorki verið hnekktt né hann verið rengdur. Þykir verða að leggja hann til grundvallar í málinu, og með því að eigi er sannað, að varahlutir hafi fylgt umræddum tveimur bifreiðum, verður ekki talið, að ákærði Óskar Agnar hafi framvísað röngum aðflutningsskýrslum. Ber því að sýkna hann af ákærulið I, 2.

III.

Refsing ákærða Óskars Agnars Ólafssonar þykir með hliðsjón af því, að hann hefur sett tryggingar fyrir fjártjóni, sem leitt hefur af atferli hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson sat í gæzluvarðhaldi frá 29. janúar til 5. febrúar s.l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að láta þessa varðhaldsvist hans koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Refsing ákærða Sigurðar Þorkelssonar, sem var látinn hætta starfi hjá Eimskipafélagi Íslands h/f 29. janúar s.l., eftir að komst upp um háttsemi hans, þykir með hliðsjón af fyrri brotum hans hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði Sigurður sat í gæzluvarðhaldi frá 30. janúar til 4. febrúar s.l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að láta þessa varðhaldsvist hans koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Hinn 30. júní 1961 fékk ákærði Óskar Agnar Ólafsson leyfi til smásöluverzlunar í Reykjavík, og gildi verzlunarleyfi þetta fyrir Raftækni h/f, hér í borg. Framangreint atferli ákærða Óskars Agnars er það stórfellt, að rétt þykir samkvæmt 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna að svipta hann rétti til að reka smásölu ævilangt.

Ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson sæti fangelsi í 12 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 29. janúar 1964 til 5. febrúar sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Sigurður Þorkelsson sæti fangelsi í 7 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 30. janúar 1964 til 4. febrú-

ar sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson er sviptur rétti til að reka smásölu ævilangt.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1965.

Nr. 112/1965. **Hafnarfjarðarkaupstaður**

(Kristinn Ó. Guðmundsson hdl.)

gegn

Bjarna Gíslasyni (Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Eignarnám. Um áfrýjun undirmatsgerðar.

Synjun um dómkvaðningu yfirvirðingarmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 5. janúar 1933 leigði bæjarstjórnin í Hafnarfirði samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Bjarna Gíslasyni útgerðarmanni á erfðaleigu lóð nr. 810 á Hörðuvöllum í Hafnarfirði, að stærð 6670 m², til fiskverkunar. Lóðin var leigð til 10 ára, en að þeim tíma liðnum, var leigusala rétt að segja erfðaleigunni upp með eins árs fyrirvara og án endurgjalds fyrir þau mannvirki, sem gerð hefðu verið á lóðinni.

Hinn 25. febrúar 1933 leigði bæjarstjórnin í Hafnarfirði samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Bjarna Gíslasyni á erfðaleigu lóð nr. 810a á Hörðuvöllum í Hafnarfirði, að stærð 512 m², undir fiskverkunarhús. Lóð þessi er hluti af fiskverkunarlóð þeirri, sem Bjarna Gíslasyni hafði verið leigð hinn 5. janúar 1933. Hafði Bjarni Gíslason því á erfðaleigu fiskverkunarlóð, að stærð 6158 m², og byggingarlóð, að stærð 512 m².